

# Áfallaáætlun Brúarskóla

## Áfallateymi:

- Skólastjóri
- Aðstoðarskólastjóri
- Sálfræðingur
- Prestur ef þörf er á

## Þegar hringt er í Neyðarlínu 112

Skólastjórnandi eða ritari sér um að hringja í **Neyðarlínu 112** nema aðstæður kalli á annað, s.s. ef þessir aðilar eru fjarverandi eða **ef um algjört neyðartilvik er að ræða**.

### Mikilvægt er að sá sem hringir í Neyðarlínu 112 hafi nauðsynlegar upplýsingar:

- **HVAR** varð slysið: Nafn skóla, heimilisfang og nákvæmari staðsetningu á hinum slasaða.
- **HVER** er það sem hringir: Kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að verið sé að hringja úr skóla.
- **HVAÐ** kom fyrir: Nafn hins slasaða, aldur, kyn, hver er líðan hans (t.d. Hinn slasaði heitir Jón Jónson og er 10 ára drengur. Hann féll úr rólu og er mögulega fótbrotinn).

## Slys á nemendum í skóla

- Sá starfsmaður sem kemur fyrstur á vettvang tekur að sér stjórn á vettvangi, a.m.k. þar til skólastjórnendur koma. Stjórnin felst í því að:
  - Vera yfirvegaður og bregðast fúllaust og örugglega við aðstæðum
  - Kalla eftir aðstoð og láta gera stjórnendum viðvart
  - Tryggja öryggi og koma í veg fyrir frekari slys eða meiðsli
  - Meta ástand þess slasaða og meta hvort hringja þurfi í Neyðarlínu **112**
  - Hlúa að hinum slasaða og veita skyndihjálp
- Ef meiðsli verða eru þau skoðuð af starfsfólki skólans og metið hvort þörf sé á að fara á heilsugæslu eða bráðamóttöku.
- Þurfi að fara með barnið á heilsugæslu eða bráðamóttöku hafa skólastjórnendur eða umsjónarkennari samband við foreldra/forráðamenn og þeir upplýstir um hvað gerðist og að

nemandi fari ásamt starfsmanni á heilsugæslu/bráðamóttöku og óskað eftir að foreldrar vitji nemandans þar.

- Starfsmaður er með nemanda á heilsugæslu/bráðamóttöku þar til foreldrar/forráðamenn eru komnir.
- Ef nemandi er færður á heilsugæslu/bráðamóttöku skal fylla út **slysaskráningablað** og láta fylgja viðkomandi. Slysaskráningablað er geymt hjá sjúkrakassa á skrifstofu ritara í Vesturhlíð. Ef nemandi er fluttur í sjúkrabíl greiðir skólinn fyrir það.
- Annað starfsfólk aðstoðar við aðhlyningu hins slasaða eftir þörfum, kallar til stjórnendur eða sinnir öðrum nemendum.
- Mikilvægt er að færa aðra nemendur af svæðinu sem fyrst og kanna líðan þeirra sem urðu vitni að slysinu. Útskýra þarf fyrir þeim á einfaldan hátt, og í samræmi við þroska, hvað gerðist.
- Ef meiðli verða utan skólahúss skal fylgja eftir sömu ferlum.
  - Kennari hefur samband við skólann og biður um aðstoð, ef þarf við að flytja eða færa nemenda undir læknishendur.
- Ef slys er alvarlegt og nemandi verður frá skóla um lengri tíma skulu skólastjórnendur ræða við skólafélaga og segja þeim frá því sem þeir þurfa að vita.
- Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt.
- Tilkynna þarf starfsfólki sem sinnir bekknum hvað gerst hefur og hvernig unnið verður úr málinu.
- Ef starfsfólk óskar eftir eða stjórnendur meta að þörf sé á, er fundað með starfsfólki og farið yfir atburðarrás og næstu skref.
- Huga skal að því að hlúa að nemendum og starfsfólki. Huga að áfallastreitu meðal nemenda og starfsfólks. Bjóða upp á viðtöl eftir þörfum.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum.

## Slys á nemendum utan skólatíma

- Hlutverk skólans við slíkar aðstæður er ákvarðað í samvinnu við foreldra/forráðamenn.
- Skólastjórnendur hafa samband við heimili og leitar eftir upplýsingum og geta, ef foreldrar óska þess, sagt öðrum nemendum skólans frá. Mikilvægt er að allar heimildir um atvik og líðan séu öruggar.
- Skólinn lætur í té alla þá aðstoð við nám nemandans sem hann hugsanlega getur veitt. Við langverandi veikindi/fjarvistir vegna slyss nemanda á hann rétt á sjúkrakennslu samkvæmt reglum Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkurborgar.

## Vegna andláts nemanda

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin. Teymið skiptir með sér verkum.
- Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemenda.
- Allir starfsmenn skólans kallaðir saman á fund, þeim tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst bregðast við. Farið yfir viðbrögð barna við áföllum og gagnleg ráð til að bæta líðan þeirra.
- Póstur sendur til foreldra annarra nemenda um hvað gerst hefur og gerð grein fyrir hvernig unnið verður í skólanum.
- Skólastjórnandi ræðir við bekk nemanda ásamt umsjónarkennara.
- Nemendum skólans sagt frá atburðinum á sal eða bekkjarstofu. Gæti verið gott að fá prest. Ef hist er á sal þurfa nemendur að fá stund með bekkjarkennara sínum til að ræða atburðinn og líðan sína. Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnir samtímis.
- Skólinn sendir fjölskyldu samúðarkveðju.
- Huga að því að hlúa að nemendum og starfsfólki. Huga að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna. Bjóða upp á viðtöl eftir þörfum.
- Sameiginleg athöfn í skóla. Prestur fenginn til að koma og hitta nemendur og starfsfólk saman á sal.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum.

## Vegna andláts starfsmanns skólans

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá aðstandendum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin. Teymið skiptir með sér verkum.
- Allt starfsfólk skólans kallað á fund, því tilkynnt hvað gerst hefur og hvernig skólinn hyggst bregðast við.
- Ef sá látni var umsjónarkennari tilkynnir skólastjóri og ef til vill aðili úr áfallateymi umsjónarnemendum andlátið. Öðrum bekkjum sem viðkomandi kenndi tilkynnir umsjónarkennari ásamt skólastjóra um andlátið.
- Nemendum skólans sagt frá atburðinum á sal eða í bekkjarstofu. Ef gert á sal þurfa nemendur að fá stund með bekkjarkennara sínum í sinni stofu til að ræða atburðinn og líðan sína. Mikilvægt er að gæta þess að allir fái fregnir samtímis.
- Skólinn sendir fjölskyldu hins látna samúðarkveðjur.

- Póstur sendur á foreldra og þeim tilkynnt um andlátíð.
- Huga að því að hlúa að nemendum og starfsfólki. Huga að áfallastreitu meðal nemenda og starfsfólks. Bjóða upp á viðtöl eftir þörfum.
- Sameiginleg athöfn í skóla. Prestur fenginn til að koma og hitta nemendur og starfsfólk saman á sal.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum.

### Andlát í skóla

- Eigi andlát sér stað á skólatíma hringir skólastjóri, aðstoðarskólastjóri eða ritari í Neyðarlínuna **112**
- Andlátíð er staðfest og réttar upplýsingar um aðdraganda þess.
- Áfallateymi kallað saman.
- Þess skal gætt að nán skyldmenni hins látna sem eru við nám eða störf innan skólans hafi fengið fréttina áður en öðrum er tilkynnt um andlátíð.
- Starfsfólki skólans tilkynnt um andlátíð eins fljótt og hægt er.
- Skólastjórnandi tilkynnir nemendum í bekknum um andlátíð.
- Skólastjóri fær prest sem sér um að aðstandendur fái réttar fréttir um málið áður en að fjölmiðlar fjalla um það.
- Skólastjórnendur senda strax samúðarkveðjur til fjölskyldu hins látna.
- Sendur póstur til forelda og þeim tilkynnt um atburðinn.
- Huga að því að hlúa að nemendum og starfsfólki. Huga að áfallastreitu meðal nemenda og starfsmanna. Bjóða upp á viðtöl eftir þörfum.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum.
- Sýni fjölmiðlar áhuga er **skólastjóri eini tengiliður skólans við þá**. Allir aðrir skulu vísa á hann varðandi upplýsingar sem gefa á.

### Vegna andláts aðstandanda nemenda

- Skólastjóri leitar staðfestingar á andláti hjá forráðamönnum.
- Áfallateymi boðað til fundar og fyrstu viðbrögð ákveðin.
- Andlát tilkynnt umsjónarkennara viðkomandi nemanda.
- Allt starfsfólk sem kemur að bekknum látið vita um hvað gerst hefur.

- Skólastjórnandi tilkynnir nemendum bekkjarins um andlátíð að nemanda fjarstöddum sé hann í skólanum.
- Foreldrum sendur póstur um það sem gerðist og hvernig skólinn muni vinna úr því með nemendum.
- Allt starfsfólk kallað á sal og tilkynnt um andlátíð.
- Öðrum nemendum tilkynnt um málið.
- Sameiginleg athöfn í skóla. Prestur fenginn til að koma og hitta nemendur og starfsfólk saman á sal.
- Endurkoma nemanda í bekk undirbúin. Nemendur hvattir til að umgangast viðkomandi á sem eðlilegastan hátt, sýna virðingu, tillitssemi og hlýju.
- Huga að því að hlúa að nemendum og starfsfólki. Huga að áfallastreitu meðal nemenda og starfsfólks. Bjóða upp á viðtöl eftir þörfum.
- Utanaðkomandi aðstoð kölluð til eftir þörfum.